

Norðurljós

Norðurljósin hafa verið sýnileg frá Íslandi frá upphafi. Flestir Íslendingar hafa alist upp undir norðurljósunum og sýna þau sig vanalega margoft á veturna. Ferðamenn koma til Íslands allstaðar að úr heiminum til að sjá norðurljósin. Við Íslendingar eigum það til að gleyma hversu ótrúlega fallegu landi við búum á.

Nafnið norðurljós er að öllum líkindum upprunnið á Íslandi eða í byggðum Íslendinga á Grænlandi. Í Konungsskuggsjá, sem rituð var í Noregi um 1250, er rætt um undur í fjarlægum löndum, þar á meðal "það, er Grænlendingar kalla norðurljós". Aðrar þjóðir hafa tekið upp hliðstætt heiti (nordlys, norrskén, northern lights, Nordlicht). Frumbyggjar Alaska trúu því að ljósín séu andar dýranna sem þeir hafa veitt. Aðrir vilja meina að þau séu andar þeirra dauðu sem séu að spila fótbolta með höfuð rostunga og enn aðrir vara börn við því að ljósín geti komið og hrifsað þau í burtu. Eitt er allavega vísindalega sannað að frá sólinni berst í sífellu svokallaður sólvinur sem er straumur rafhlaðinna agna. Þegar vindurinn nálgast jörðina hrindir segulsvið jarðarinnar honum frá sér nema í kringum segulpólana. Þar sleppur eitthvað af ögnunum inn í segulsvið sem myndar norðurljósín. Norðurljósín bjóða áhorfendum upp á mikilfenglegt sjónarspil og eru þau eitt mesta aðdráttarafl fyrir ferðamenn til Íslands að hausti og vetri. Það er hægt að velja á milli fjölda af svonefndum norðurljósaferðum en þær eru mjög mismunandi. Valkostirnir eru ólíkir en allir áhugaverðir. Það er hægt að panta gistingu á hótelum sem eru þannig að nóg er að ganga út fyrir byggingarnar á veturna til að eiga von á því að sjá norðurljós. Í boði er að fara í snjósleðaferðir upp á fjöll og horfa á þau þaðan, láta sig fljóta í lóni þar sem höfuðið hvílir í nokkurs konar flothjálmi sem er gerður til að þú getir legið í vatninu og horft upp í himininn eins lengi og þú vilt og myndatúrar þar sem ljósmyndari er með í för til að leiðbeina hvernig er best að taka myndir af ljósunum. Sumir ferðamenn koma einungis til landsins til að sjá norðurljósín og bíða eftir að sjá þau í marga klukkutíma sem stundum framlengjast í daga en það er allt þess virði þegar þeir horfa berum augum á þau dansa um himininn.

Nú er kominn vetur og næst þegar við Íslendingar horfum upp í himininn á norðurljósín ættum við að reyna að sjá þau í gegnum augu ferðamanns sem er að sjá ljósín í fyrsta skipti og muna

hvað við erum heppin að búa á þessu stórkostlega landi með norðurljósin dansandi í kringum okkur.

Fríða Kristín Jónsdóttir 10. RK

Heimildir:

<https://day-tours.icelandguest.com/northern-lights-iceland-trip/northern-lights-and-the-secret-lagoon/>

<https://notendur.hi.is/agust/kennsla/ee10/ees10/Seminars/ees-NannaTHESIS-10.pdf>